

Slyusarev gegn Rússlandi

Dómur frá 20. apríl 2010

Mál nr. 60333/00

3. gr. Bann við pyndingum

Meðferð varðhaldsfanga. Vanvirðandi meðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, Vladimir Slyusarev, er rússneskur ríkisborgari, fæddur 1970 og búsettur í Moskvu. Hann er nærsýnn. Í byrjun júlí 1998 var hann handtekinn vegna gruns um að hafa framið vopnað rán. Við handtökuna skemmdust gleraugun hans og voru þau tekin af honum. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann játaði brotið og ákæra var gefin út á hendur honum. Þann 15. janúar 1999 var hann sakfelldur og dæmdur til níu ára fangelsisvistar.

Að því er kærandi hélt fram lögðu bæði hann og kona hans fram fimm kvartanir til ákærvaldsins á meðan hann sat í varðhaldi. Lutu þær allar að versnandi sjón hans og bón þeirra um að gleraugum hans yrði skilað. Rússneska ríkið hélt því hins vegar fram að kærandi hefði kvartað aðeins einu sinni. Það hafi verið í desember árið 1998 og laut sú kvörtun að því að gleraugu hans hefðu verið tekin.

Á grundvelli tilmæla ákærvaldsins hinn 9. september 1998 skoðaði sjóntækjafræðingur kæranda. Það var mat hans að sjón kæranda hefði hrakað og hann gaf út tilvísun á ný gleraugu. Í janúar 1999 fékk kærandi ný gleraugu. Í millitíðinni, eða þann 2. desember 1998, hafði eldri gleraugum hans verið skilað til hans í kjölfar formlegrar beiðni lögmanns hans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að með því að taka af honum gleraugun og skila þeim ekki aftur fyrr en fimm mánuðum síðar á meðan hann sat enn í varðhaldi, hefði hann þurft að þola ómannúðlega og vanvirðandi meðferð sem bryti í bága við 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að svipting gleraugnanna hefði í raun verið ólögmat þar sem hún hefði ekki byggst á neinu tilteknu lagaákvæði. Hins vegar væri á það að líta að vanvirðandi meðferð þurfi að ná ákveðnu stigi svo telja megir að hún falli undir gildissvið 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn vísaði til fyrri dóma þar sem komist hafði verið að þeirri niðurstöðu að það að fjarlægja gleraugu af föngum í nokkra daga á meðan þeir sitji í varðhaldi jafnist ekki á við vanvirðandi meðferð í skilningi ákvæðisins. Hið sama ætti við í máli kæranda ef stjórnvöld hefðu skilað honum gleraugunum fljótlega eftir að þau voru tekin af honum.

Það var mat dómstólsins að það hlyti að hafa valdið kæranda óþægindum að hafa ekki gleraugun en hann gæti hvorki lesið né skrifað eðlilega án þeirra. Það hefði bakað honum þjáningu daglega auk þess sem það leiddi eflaust til þess að hann upplifði öryggisleysi og að hann væri ósjálfbjarga.

Þrátt fyrir yfirlýsingar rússneska ríkisins um annað gat ekki staðist að ákærvaldið hefði enga vitneskju um vandamál kæranda fyrir 2. desember 1998. Til að mynda hafi verið óskað eftir sjóntækjafræðingi þegar í september sama ár að kröfu lögmanns kæranda. Þrátt fyrir að mál kæranda hefði verið skoðað í september hefði það tekið stjórnvöld um fimm mánuði að útvega ný gleraugu. Í millitíðinni hefði verið hægt að afhenda kæranda gömlu gleraugun hans sem þó hafi verið löskuð en hefðu eigi að síður getað linað þjáningar hans. Rússland gaf engar skýringar á þessu né heldur af hverju kærandi fékk ekki skoðun sérfræðings fyrr en eftir tvo og hálfan mánuð í varðhaldi.

Dómstóllinn vísaði til þess að í fyrri dómum hefði hann bent á að tiltekna lögmæt meðferðir eða refsingar, t.a.m. frelsissvipting, geti falið í sér þjáningu eða vanvirðandi meðferð fyrir þann sem henni sætir. Aðildarríki sáttmálans þurfi hins vegar að tryggja að einstaklingi sé haldið í aðstæðum sem samræmist mannlegri reisn og að gætt sé með fullnægjandi hætti að heilsu og að velferð hans sé í samræmi við það sem er raunhæft og framkvæmanlegt hverju sinni.

Dómstóllinn benti á að það að fjarlæga gleraugu kæranda hefði engan tilgang tengdan varðhaldinu en að auki hafi verið um ólögmæta ráðstöfun að ræða. Með hliðsjón af þeirri þjáningu sem kærandi varð fyrir, sem rekja mætti til stjórnvalda, og þess langa tíma sem hún stóð, var það mat dómstólsins að kærandi hefði verið látinn sæta vanvirðandi meðferð.

Það var því einróma niðurstaða hans að brotið hefði verið í bága við 3. gr. sáttmálans.